*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 120/2044
*komudagur* 21/5 1996

# Minnisblöð varðandi veiðar á Reykjaneshrygg

# Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 21. maí 1996.

**Til sjávarútvegsnefndar Alþingis.**

Málefni: Frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

I. Til að komið sé til móts við frumherja úthafskarfaveiða við úthlutun aflaheimilda þá er skoðun félagsins að í 5. grein frumvarpsins eigi að vera annað hvort eftirfarandi atriða:

a. Taka á mið af veiðireynslu allra skipa frá upphafi úthafskarfaveiða þar eð veiðireynslan er þekkt, og skipta kvóta í hlutfalli við það magn sem hvert skip hefur veitt frá upphafi þessara veiða.

b. Skipt verði 10% af heildarkvóta til frumherja þessar veiða.
Frumherjar veiðanna teljast þeir sem stunduðu þessar veiðar árin 1989,1990,1991. Þessum 10% af heildarkvóta verði skipt eftir veiðireynslu skipanna á árunum 1989,1990,og 1991.

Félagið álítur að frumherjaréttur eigi að koma til ef kvóta er ekki skipt eftir veiðireynslu frá upphafi, þar sem útgerðir þeirra skipa er þróuðu veiðar á úthafskarfa þurftu að kosta miklu til áður en veiðarnar urðu arðbærar. Þeir sem síðar fóru til veiða á úthafskarfa nutu góðs af því sem frumherjar veiðanna höfðu kostað til við þróun veiðafæra og fleira.

II. Félagið mótmælir því að tengsl verði á milli aflaheimilda innan og utan fiskveiðilandhelgi Íslands

III. Frátafaregla.
Ef skip verður fyrir ófyrirséðum töfum frá veiðum vegna bilunnar eða bruna þá viljum við benda á ákvæði 7. 8. og 9. greinar reglugerðar no. 44/1984 um stjórn botnfiskveiða.
Félagið álítur að sambærileg ákvæði þurfi að koma inn í lög um stjórn fiskveiða utan lögsögu Íslands.

Í fjarveru formanns félagsins.
Virðingarfyllst


Kristján Loftsson ritari
Sími 5550565

Jón Guðmundsson gjaldkeri
Sími 5651200

# Úthafskarfaafli Íslenskra skipa árin 1989 -1995

| | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mánaberg | 105.218 | 343.486 | 315.550 | 454.569 | | 1.522.381 | 0 | 2.741.204 |
| Ýmir | 243.097 | 35.880 | 1.036.158 | 1.334.238 | 1.643.202 | 2.746.488 | 1.120.230 | 8.159.293 |
| Sjóli | 560.064 | 709.704 | 1.314.676 | 3.252.686 | 2.097.270 | 3.778.737 | | 11.713.137 |
| Haraldur Kristjánsson | 354.697 | 945.478 | 1.458.808 | 3.026.252 | 2.672.014 | 3.552.626 | 1.920.014 | 13.929.889 |
| Venus | | 325.238 | 1.450.138 | 2.267.667 | 1.562.306 | 1.023.560 | | 6.628.909 |
| Rán | | | | | 1.752.252 | 617.666 | 394.022 | 2.763.940 |
| Sléttbakur | 107.857 | | | | | | | 107.857 |
| Ásgeir | 3.000 | | | | | | | 3.000 |
| Bessi | | 549.853 | | | | | | 549.853 |
| Július G | | 293.064 | 68.484 | 472.546 | 646.580 | 1.902.783 | 1.120.794 | 4.504.251 |
| Snæfugl | | 245.616 | 328.294 | 1.063.931 | 1.543.816 | 1.040.828 | 0 | 4.222.485 |
| Hrafn Sveinbj | | 165.928 | 474.414 | 11.435 | 0 | | 0 | 651.777 |
| Hólmadr | | 88.690 | 35.470 | | | | 11.752 | 135.912 |
| Vestmannaey | | 204.590 | 72.716 | 204.960 | | 947.184 | 760.899 | 2.190.349 |
| Jón Kjartans | | 3.646 | | | | | | 3.646 |
| Snorri sturlus | | | 382.053 | | 1.437.929 | 2.600.572 | 651.775 | 5.072.329 |
| Otto N. Þorl | | | 633.267 | | 83.109 | 1.116.668 | 74.634 | 1.907.678 |
| Víðir | | | | 534.059 | 611.676 | 2.850.604 | 516.539 | 4.512.878 |
| Örfisey | | | | 987.806 | 2.061.798 | 3.404.741 | 2.291.460 | 8.745.805 |
| Skúmur | | | | 234.360 | 584.682 | 535 | 0 | 819.577 |
| Sléttanes | | | | | 438.224 | 1.413.550 | 247.100 | 2.098.874 |
| Höfrungur | | | | | 808.074 | 3.213.682 | 778.844 | 4.800.600 |
| Vigri | | | | | 1.138.536 | 1.350.544 | 1.299.901 | 3.788.981 |
| Baldvin Þorsteinsson | | | | | 665.908 | 4.081.892 | 3.267.142 | |
| Akureyrin | | | | | | 73.304 | | 73.304 |
| þerney | | | | | | 3.131.448 | 1.487.635 | 4.619.083 |
| Svalbakur | | | | | | 1.722.672 | 691.266 | 2.413.938 |
| Runólfur | | | | | | 367.800 | 0 | 367.800 |
| Breki | | | | | | 18.930 | 549.054 | 567.984 |
| Sindri | | | | | | 308.932 | 0 | 308.932 |
| Jón Baldv | | | | | | 1.145.107 | 0 | 1.145.107 |
| Sturl. Böðv | | | | | | 1.194.105 | 446.438 | 1.640.543 |
| Ólafur Jónsson | | | | | | 1.967.112 | 582.498 | 2.549.610 |
| Málmey | | | | | | | 2.310.238 | 2.310.238 |
| Harðbakur | | | | | | | 514.412 | 514.412 |
| Kaldbakur | | | | | | | 81.957 | 81.957 |
| Guðbjög | | | | | | | 546.948 | 546.948 |
| Tjaldur | | | | | | | 49.076 | 49.076 |
| Siglir | | | | | | | 6.352.063 | 6.352.063 |
| Gnúpur | | | | | | | 413.436 | 413.436 |
| Már | | | | | | | 322.185 | 322.185 |
| Barði | | | | | | | 22.251 | 22.251 |
| Skagfirðingur | | | | | | | 450.693 | 450.693 |
| Heildarafli | 1.373.933 | 3.911.173 | 7.570.028 | 13.844.509 | 19.747.376 | 47.094.451 | 29.275.256 | 122.816.726 |
| Afli Hafnarfjarðar skipa | 1.157.858 | 2.016.300 | 5.259.780 | 9.880.843 | 9.727.044 | 11.719.077 | 3.434.266 | 43.195.168 |
| Aflahlutdeild Hafnarfjarðar skipa | 84% | 52% | 69% | 71% | 49% | 25% | 12% | 35% |

**Meðalaflahlutdeild Hafnarfjarðaskipa árin 1989-1996 er 53%**
**Heildaraflahlutfall í Hafnarfjarðaskipa er 35%**
**Ath. Sjóli var seldur og var skírður Málmey**

# Samanburður á úthafskarfaafla og hugsanlegum kvóta íslenskra skipa

| | 1995 | | 1994 | | 1993 | | 1992 | | 1991 | | 1990 | | 1989 | | Samtals kg. | Meðaltal í magni | Meðaltal Í % | Heildar kvoti 45.000 Skipting % Aflahlutdeildar Mælt í tonnum | Heildar kvoti 45.000 Skipt eftir magni Mælt í tonnum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skagfirðingur | 450.693 | 1,54% | | | | | | | | | | | | | 450.693 | 0,37% | 0,22% | 99 | 165 |
| Barði | 22.251 | 0,08% | | | | | | | | | | | | | 22.251 | 0,02% | 0,01% | 5 | 8 |
| Már | 322.185 | 1,10% | | | | | | | | | | | | | 322.185 | 0,26% | 0,16% | 71 | 118 |
| Gnúpur | 413.436 | 1,41% | | | | | | | | | | | | | 413.436 | 0,34% | 0,20% | 91 | 151 |
| Siglir | 6.352.063 | 21,70% | | | | | | | | | | | | | 6.352.063 | 5,17% | 3,10% | 1.395 | 2.327 |
| Tjaldur | 49.076 | 0,17% | | | | | | | | | | | | | 49.076 | 0,04% | 0,02% | 11 | 18 |
| Guðbjög | 546.948 | 1,87% | | | | | | | | | | | | | 546.948 | 0,45% | 0,27% | 120 | 200 |
| Kaldbakur | 81.957 | 0,28% | | | | | | | | | | | | | 81.957 | 0,07% | 0,04% | 18 | 30 |
| Málmey | 2.310.238 | 7,89% | | | | | | | | | | | | | 2.310.238 | 1,88% | 1,13% | 507 | 846 |
| Harðbakur | 514.412 | 1,76% | | | | | | | | | | | | | 514.412 | 0,42% | 0,25% | 113 | 188 |
| Sturl. Böðv | 446.438 | 1,52% | 1.194.105 | 2,54% | | | | | | | | | | | 1.640.543 | 1,34% | 0,58% | 261 | 601 |
| Jón Baldv | 0 | | 1.145.107 | 2,43% | | | | | | | | | | | 1.145.107 | 0,93% | 0,35% | 156 | 420 |
| Sindri | 0 | | 308.932 | 0,66% | | | | | | | | | | | 308.932 | 0,25% | 0,09% | 42 | 113 |
| Breki | 549.054 | 1,88% | 18.930 | 0,04% | | | | | | | | | | | 567.984 | 0,46% | 0,27% | 123 | 208 |
| Runólfur | 0 | | 367.800 | 0,78% | | | | | | | | | | | 367.800 | 0,30% | 0,11% | 50 | 135 |
| Svalbakur | 691.266 | 2,36% | 1.722.672 | 3,66% | | | | | | | | | | | 2.413.938 | 1,97% | 0,86% | 387 | 884 |
| þerney | 1.487.635 | 5,08% | 3.131.448 | 6,65% | | | | | | | | | | | 4.619.083 | 3,76% | 1,68% | 754 | 1.692 |
| Akureyrin | | | 73.304 | 0,16% | | | | | | | | | | | 73.304 | 0,06% | 0,02% | 10 | 27 |
| Ólafur Jóns | 582.498 | 1,99% | 1.967.112 | 4,18% | | | | | | | | | | | 2.549.610 | 2,08% | 0,88% | 396 | 934 |
| Rán | 394.022 | 1,35% | 617.666 | 1,31% | 1.752.252 | 8,87% | | | | | | | | | 2.763.940 | 2,25% | 1,65% | 741 | 1.013 |
| Baldv Þorst | 3.267.142 | 11,16% | 4.081.892 | 8,67% | 665.908 | 3,37% | | | | | | | | | 8.014.942 | 6,53% | 3,31% | 1.491 | 2.937 |
| Vigri | 1.299.901 | 4,44% | 1.350.544 | 2,87% | 1.138.536 | 5,77% | | | | | | | | | 3.788.981 | 3,09% | 1,87% | 840 | 1.388 |
| Höfrungur | 778.844 | 2,66% | 3.213.682 | 6,82% | 808.074 | 4,09% | | | | | | | | | 4.800.600 | 3,91% | 1,94% | 873 | 1.759 |
| Sléttanes | 247.100 | 0,84% | 1.413.550 | 3,00% | 438.224 | 2,22% | | | | | | | | | 2.098.874 | 1,71% | 0,87% | 390 | 769 |
| Skúmur | 0 | | 535 | | 584.682 | 2,96% | 234.360 | 1,69% | | | | | | | 819.577 | 0,67% | 0,66% | 299 | 300 |
| Örfisey | 2.291.460 | 7,83% | 3.404.741 | 7,23% | 2.061.798 | 10,44% | 987.806 | 7,14% | | | | | | | 8.745.805 | 7,12% | 4,66% | 2.098 | 3.204 |
| Víðir | 516.539 | 1,76% | 2.850.604 | 6,05% | 611.676 | 3,10% | 534.059 | 3,86% | | | | | | | 4.512.878 | 3,67% | 2,11% | 950 | 1.654 |
| Otto N. Þorl | 74.634 | 0,25% | 1.116.668 | 2,37% | 83.109 | 0,42% | | | 633.267 | 8,37% | | | | | 1.907.678 | 1,55% | 1,63% | 734 | 699 |
| Snorri Sturlus | 651.775 | 2,23% | 2.600.572 | 5,52% | 1.437.929 | 7,28% | | | 382.053 | 5,05% | | | | | 5.072.329 | 4,13% | 2,87% | 1.291 | 1.858 |
| Jón Kjartans | | | | | | | | | | | 3.646 | 0,09% | | | 3.646 | 0,00% | 0,01% | 6 | 1 |
| Vestmannaey | 760.899 | 2,60% | 947.184 | 2,01% | | | 204.960 | 1,48% | 72.716 | 0,96% | 204.590 | 5,23% | | | 2.190.349 | 1,78% | 1,75% | 790 | 803 |
| Venus | | 0,00% | 1.023.560 | 2,17% | 1.562.306 | 7,91% | 2.267.667 | 16,38% | 1.450.138 | 19,16% | 325.238 | 8,32% | | | 6.628.910 | 5,40% | 7,71% | 3.467 | 2.429 |
| Hólmadr | 11.752 | 0,04% | | | | | | | 35.470 | 0,47% | 88.690 | 2,27% | | | 135.912 | 0,11% | 0,40% | 178 | 50 |
| Hrafn Sveinbj | 0 | | 0 | | 0 | | 11.435 | 0,08% | 474.414 | 6,27% | 165.928 | 4,24% | | | 651.777 | 0,53% | 1,51% | 681 | 239 |
| Snæfugl | 0 | 0,00% | 1.040.828 | 2,21% | 1.543.816 | 7,82% | 1.063.931 | 7,68% | 328.294 | 4,34% | 245.616 | 6,28% | | | 4.222.485 | 3,44% | 4,05% | 1.821 | 1.547 |
| Júlíus G | 1.120.794 | 3,83% | 1.902.783 | 4,04% | 646.580 | 3,27% | 472.546 | 3,41% | 68.484 | 0,90% | 293.064 | 7,49% | | | 4.504.251 | 3,67% | 3,28% | 1.476 | 1.650 |
| Bessi | | | | | | | | | | | 549.853 | 14,06% | | | 549.853 | 0,45% | 2,01% | 904 | 201 |
| Ásgeir | | | | | | | | | | | | | 3.000 | 0,22% | 3.000 | 0,00% | 0,03% | 14 | 1 |
| Sléttbakur | | | | | | | | | | | | | 107.857 | 7,85% | 107.857 | 0,09% | 1,12% | 505 | 40 |
| Haraldur Kristjáns | 1.920.014 | 6,56% | 3.552.626 | 7,54% | 2.672.014 | 13,53% | 3.026.252 | 21,86% | 1.458.808 | 19,27% | 945.478 | 24,17% | 354.697 | 25,82% | 13.929.890 | 11,34% | 16,96% | 7.634 | 5.104 |
| Sjóli | | | 3.778.737 | 8,02% | 2.097.270 | 10,62% | 3.252.686 | 23,49% | 1.314.676 | 17,37% | 709.704 | 18,15% | 560.064 | 40,76% | 11.713.138 | 9,54% | 16,92% | 7.612 | 4.292 |
| Ýmir | 1.120.230 | 3,83% | 2.746.488 | 5,83% | 1.643.202 | 8,32% | 1.334.238 | 9,64% | 1.036.158 | 13,69% | 35.880 | 0,92% | 243.097 | 17,69% | 8.159.293 | 6,64% | 8,56% | 3.852 | 2.990 |
| Mánaberg | 0 | 0,00% | 1.522.381 | 3,23% | | | 454.569 | 3,28% | 315.550 | 4,17% | 343.486 | 8,78% | 105.218 | 7,66% | 2.741.204 | 2,23% | 3,87% | 1.744 | 1.004 |
| | **29.275.256** | | **47.094.461** | | **19.747.376** | | **13.844.609** | | **7.570.028** | | **3.911.173** | | **1.373.933** | | 122.816.732 | 100,00% | 100,00% | **45.000** | **45.000** |

Ath. skal að tölur frumherja í aftasta dálki eiga eftir að lækka þar sem mörg skip eru að stórauka veiðireynslu sína á árinu 1996

Ath. skal að Sjóli var seldur og skírður Málmey.

**Togarinn Haraldur Kristjánsson með Gloria 2048 teikningin sýnir rétt hluttföll**



HAMPIÐJAN

Bíldshöfða 9 - 112 Reykjavík - ICELAND
Tel.: +354 567 6200, Fax.: +354 567 6209




Boeing 474,
Júmbó þota er 70,66 metra löng.




Togarinn
Sjóli HF 1 er 56,5 m langaur




## GLORÍA, úthafskarfatroll frá Hampiðjunni




## Þróun stærða á úthafskarfatrollum Hampiðjunnar



STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1984



# REGLUGERÐ

**um stjórn botnfiskveiða 1984.**

**Heildaraflamark.**

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um stjórn botnfiskveiða 1984 miðast við, að á árinu 1984 fari afli eftirtalinna botnfisktegunda eigi fram úr neðangreindu heildaraflamarki:

| | Þúsund tonn miðað við óslægðan fisk |
|---|---|
| 1. Þorskur | 220 |
| 2. Ýsa | 60 |
| 3. Ufsi | 70 |
| 4. Karfi | 110 |
| 5. Skarkoli | 17 |
| 6. Grálúða | 30 |
| 7. Steinbítur | 15 |

**Almennt veiðileyfi.**

2. gr.

Sérhver útgerðaraðili, sem gerir út fiskiskip, 10 brl. eða stærri, til botnfiskveiða, sbr. 1. gr., þarf til þess almennt veiðileyfi, sem sjávarútvegsráðuneytið veitir, auk sérstakra veiðileyfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Öðrum en leyfishöfum, samkv. 1. mgr., er óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á skipum 10 brl. eða stærri.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. reglum þessum koma til greina útgerðir þeirra skipa, sem stunduðu botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. október 1983 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Auk þess koma til greina útgerðir nýrra eða nýkeyptra fiskiskipa, sem ekki hafa verið að veiðum á framangreindu tímabili og búin eru til botnfiskveiða, enda hafi samningar um kaupin verið gerðir milli hlutaðeigandi útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983.

Önnur skip en að framan getur koma því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hafi annað af svipaðri stærð verið tekið úr rekstri. Skal leita umsagnar samráðsnefndar, skv. 15. gr., áður en fallist er á að veita slíkum skipum veiðileyfi skv. þessum reglum.



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

e) Heildaraflamarki hverrar botnfisktegundar 1984, skv. 1. gr., að frádregnu heildaraflamarki báta undir 10 brl., skv. 5. gr., skal skipt milli skipa í flokkum 2 til 9 skv. a-lið þessarar greinar í hlutfalli við aflamagn af hverri tegund, leiðrétt skv. d-lið, þó skal skipta helmingi heildaraflamarks fyrir skarkola eftir þorskaflamagni skv. d-lið þessarar greinar milli skipa í flokkum 7, 8 og 9.

7. gr.

Aflamark hvers skips fyrir hverja botnfisktegund er fundið með því að reikna því sama hlutfall úr aflamarki flokksins, sem það hefur skv. e-lið 6. gr., en þannig reiknað að við afla hvers skips skv. e-lið 6. gr., skal bæta þeim afla, sem ætla má að það hefði haft þann tíma, sem það kann að hafa tafist frá veiðum. Það teljast frátafir frá veiðum í þessu sambandi ef þær hafa hverju sinni varað lengur en tvær vikur samfleytt og hafi hlotist af meiri háttar bilun eða endurbótum á skipum, sem staðfest er af tryggingafélagi, viðgerðaverkstæði eða af öðrum til þess bærum aðila. Einnig skal leiðrétta úthaldsskýrslu vegna sjómannaverkfallsins í ársbyrjun 1982.

8. gr.

Frátafir frá veiðum á viðmiðunartímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, skv. 7. gr., skulu metnar á grundvelli upplýsinga frá útvegsmönnum, sem borist hafa sjávarútvegsráðuneytinu fyrir 20. janúar 1984, sbr. auglýsingar ráðuneytisins 21. desember 1983 og 10. janúar 1984. Samráðsnefnd skv. 16. gr. skal fjalla um mat á frátöfum frá veiðum, og m. a. í því sambandi um flokkun skipa skv. a-lið 6. gr.

9. gr.

Hverju skipi skal ætla afla í frátöfum skv. 7. gr. með áætluðum meðalafla á úthaldsdag. Meðalafli þessi skal áætlaður þannig, að fundinn er meðalafli á úthaldsdag, skv. skýrslum Fiskifélags Íslands, í viðkomandi stærðarflokki skipa, með sams konar veiðarfæri, í sama mánuði og á sama veiðisvæði þann tíma, sem skipið var frá veiðum. Þennan meðalafla skal hækka eða lækka um það hlutfall, sem meðalafli viðkomandi skips vék frá meðalafla skipa í sama stærðarflokki, með sams konar veiðarfæri, á sama svæði, tímann, sem það var að veiðum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983.

Stærðarflokkar teljast í þessu sambandi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Bátar | 10 — 20 | brl. |
| 2. Bátar | 21 — 50 | brl. |
| 3. Bátar | 51 — 110 | brl. |
| 4. Bátar | 111 — 200 | brl. |
| 5. Bátar | 201 — 500 | brl. |
| 6. Bátar | yfir 500 | brl. |
| 7. Togarar | 201 — 500 | brl. |
| 8. Togarar | yfir 500 | brl. |

Þegar meðalaflamark er reiknað fyrir flokk 7, togarar 201—500 brl., skal það reiknað sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.

Veiðisvæði markast í þessu skyni af verstöðinni, frá hverri skipinu er haldið til róðra, sem hér segir:

Svæði 1: Frá Hornafirði suður um til Patreksfjarðar að báðum stöðum meðtöldum.
Svæði 2: Svæðið norðan svæðis 1.